

Reykjavík 27. desember 2012

Kærunefnd umhverfis- og auðlindamála  
Skúlagötu 21  
101 Reykjavík

Varðar niðurstöðu Skipulagsstofnunar, sjá mál nr. 201206060 um að fráveitulögn fyrir affallsvatn frá niðurdælingarsvæði við orkuverið í Svartsengi skuli ekki vera háð mati á umhverfisisáhrifum.

Fuglavernd kærir þessa niðurstöðu. Arfadalsvík er afar lífríkt svæði á náttúruminjaskrá (hluti af svæði 105) og ósættanlegt að umrædd framkvæmd þurfi ekki í umhverfismat. Sú ályktun sem úrskurðurinn er byggður á um að líklega verði lítil áhrif af framkvæmdinni á lífríki eru hreinar ágiskanir og ekki byggðar á neinum haldbærum rökum. Enn vantar lykilupplýsingar um lífríki svæðisins og umhverfismat nauðsynlegt áður en nokkrar framkvæmdir eru hafnar.

Við viljum benda á að þetta er mikilvægt fuglasvæði. Það þarf að athuga hvort tegundir á svæðinu séu á válista, taka tilliti til sérstöðu fuglalífs á fartíma og svo sem vetrarbúsvæði.

Meðfylgjandi er skýrsla sem nefnist *Samantekt á gögnum um lífríki fjara vestan Grindavíkur* sem styður þennan málflutning en hana má einnig finna í rafrænu formi; sjá:

<http://www.nr.is/skjalasafn/pdf/samantekt%20%C3%A1%20g%C3%B6gnum%20um%20l%C3%ADfr%C3%ADki.pdf>

Félagið leggur til að fundinn verði annar staður fyrir fráveitu affallsvatnsins, t.d. vestan við svæðið á Náttúruminjaskrá, þar sem er mun brimasamara og minni hætta á mengun af völdum þess.

Skráningin á náttúruminjaskrá ber númerið 105 og má finna á vef Umhverfisstofnunar en hún hljóðar svona: Strandsvæði vestan Grindavíkur, Grindavík.

(1) Strandlengjan frá Litlubót, ásamt Gerðavallabrunnum, vestur að Stekkjarnefi.

(2) Fjörur, fjölbreyttur strandgróður og fjölskrúðugt fuglalíf. Djúpar vatnsfylltar gjár, athyglisverður hraunkantur með sjávertjörnum.

F.hönd Fuglaverndarfélags Íslands  
Hólfríður Arnardóttir, framkvæmdastjóri

---